

Reykjavíkurborg

ÁRSHLUTAREIKNINGUR JANÚAR - JÚNÍ 2010



Reykjavíkurborg
kt. 530269-7609
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg

ÁRSHLUTAREIKNINGUR JANÚAR - JÚNÍ 2010

EFNISYFIRLIT

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Yfirlit yfir sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun borgarstjóra

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilð janúar til júní 2010 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A hluta og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A hluta voru rekstrartekjur 29.168 millj. kr. á fyrri hluta ársins 2010, en þar af námu skatttekjur 23.700 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%, en lögbundið hámark er 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,214% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Rekstrartekjur A og B hluta námu samtals 45.023 millj. kr. á tímabilinu.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 855 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 3.070 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld A hluta á tímabilinu voru samtals 16.073 millj. kr., en þar af var breyting lífeyrisskuldbindingar 550 millj. kr.

Heildareignir A og B hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í lok tímabilsins samtals 442.908 millj. kr., heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 315.998 millj. kr. Eigið fé nam 126.910 millj. kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 6.429 millj. kr.

Þann 1. desember 2009 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 118.427.

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir fyrri hluta árs 2010 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 23. sept. 2010.

Jón Gnarr Kristinsson
borgarstjóri

Rekstrarreikningur janúar-júní 2010

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Árshlutareikningur r jan-júní 2010	Fjárhagsáætlun jan-júní 2010	Árshlutareikningur r jan-júní 2010	Fjárhagsáætlun jan-júní 2010
REKSTRARTEKJUR	3,23				
Skatttekjur		23.700.330	23.751.089	23.228.749	23.448.509
Aðrar tekjur		5.467.891	4.690.489	21.794.664	21.243.776
Rekstrartekjur samtals		29.168.221	28.441.578	45.023.414	44.692.285
REKSTRARGJÖLD	4				
Laun og launatengd gjöld	24	16.073.216	16.022.284	20.091.878	20.033.128
Annar rekstrarkostnaður		13.003.095	13.637.304	16.295.874	16.778.010
Afskriftir	8,27-28	1.488.008	1.208.146	6.308.164	6.814.598
Rekstrargjöld samtals		30.564.320	30.867.733	42.695.916	43.625.736
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(1.396.099)	(2.426.155)	2.327.498	1.066.549
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5,25	541.275	880.274	2.149.291	(2.366.874)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага		(854.824)	(1.545.881)	4.476.789	(1.300.325)
Tekjuskattur		0	0	(957.537)	908
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	10,26	0	0	2.191	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага		0	0	(451.228)	56
Rekstrarniðurstaða	26,34	(854.824)	(1.545.881)	3.070.215	(1.299.362)

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

Eignir	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Árshlutareikningur r jan. - júní 2010	Ársreikningur 2009	Árshlutareikningur r jan. - júní 2010	Ársreikningur 2009
FASTAFJÁRMUNIR					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6,8,9				
Fasteignir		70.129.014	54.296.248	117.073.499	100.608.125
Veitukerfi		0	0	236.324.852	230.824.558
Gatnakerfi		9.372.499	8.437.429	9.953.296	9.012.611
Áhöld og tæki		1.174.111	1.270.094	5.974.511	6.160.918
Leigugeignir		9.965.746		9.965.746	0
	29- 34	90.641.370	64.003.772	379.291.904	346.606.212
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	10,31	6.326.521	6.290.165	4.469.866	4.544.609
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11,32	1.216.312	1.175.043	0	0
Afleiðusamningar		0	0	13.309.369	19.036.283
Tekjuskattsinneign	18	0	0	391.762	1.194.314
Aðrar langtímakröfur	11,12,32	3.233.995	3.490.806	11.409.760	11.296.113
		10.776.828	10.956.014	29.580.756	36.071.319
Fastafjármunir samtals		101.418.198	74.959.786	408.872.660	382.677.530
VELTUFJÁRMUNIR					
Birgðir	13	0	0	956.449	920.556
Skammttímakröfur:	12,14				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur		4.564.139	6.699.706	8.250.326	10.659.474
Næsta árs afborg. langtímakr. á eigin ft.	32	84.211	123.224	0	0
Næsta árs afborganir annarra langtímakr.	32	1.032.889	895.356	1.277.528	1.221.126
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		491.713	455.317	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	0	386.685	228.219
Aðrar skammttímakröfur		2.935.034	1.254.567	4.040.597	2.721.343
Handbært fé	15	16.623.822	13.205.912	19.123.715	18.091.399
Veltufjármunir samtals		25.731.808	22.634.081	34.035.301	33.842.118
EIGNIR SAMTALS		127.150.007	97.593.867	442.907.961	416.519.648

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

Eigið fé og skuldir

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Árshlutareikningur r jan. - júní 2010	Ársreikningur 2009	Árshlutareikningur r jan. - júní 2010	Ársreikningur 2009
EIGIÐ FÉ					
Eiginfjárreikningur	34	76.512.666	63.769.573	120.481.058	104.048.061
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		0	0	6.428.761	6.126.807
Eigið fé samtals		76.512.666	63.769.573	126.909.819	110.174.868
SKULDBINDINGAR					
Lífeyrisskuldbinding	17,35	9.141.778	9.131.541	9.893.749	9.912.266
Aðrar skuldbindingar	17,18	49.940	49.642	354.505	164.567
Skuldbindingar samtals		9.191.718	9.181.183	10.248.255	10.076.833
LANGTÍMASKULDIR					
Langtímaskuldir við lánastofnanir	19,36-37	16.511.523	13.955.118	256.156.920	263.330.184
Leiguskuldir	20	12.761.095	0	12.761.095	0
Aðrar fjárskuldir (gangvirði afleiða)		0	0	9.882	50.186
Langtímaskuldir samtals		29.272.618	13.955.118	268.927.897	263.380.370
SKAMMTÍMASKULDIR					
Skuldir við lánastofnanir		0	1.342.997	2.013.761	6.790.528
Viðskiptaskuldir		1.416.700	1.154.132	4.005.405	3.463.355
Næsta árs afborganir langtímaskulda	37	1.360.046	1.363.602	18.122.258	13.537.197
Næsta árs afborganir leiguskulda		408.193	0	408.193	0
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	35	1.140.700	1.140.700	1.176.070	1.176.070
Skuldir við eigin fyrirtæki		41.897	321.455	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	39	7.805.469	5.365.106	11.096.304	7.920.427
Skammtímaskuldir samtals		12.173.005	10.687.992	36.821.991	32.887.577
Skuldir og skuldbindingar samtals		50.637.340	33.824.293	315.998.142	306.344.780
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS		127.150.007	97.593.867	442.907.961	416.519.648

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - júní 2010

Skýr	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur jan-júní 2010	Fjárhagsáætlun jan.-júní 2010	Árshlutareikningur jan-júní 2010	Fjárhagsáætlun jan.-júní 2010
REKSTRARHREYFINGAR				
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(854.824)	(1.545.881)	3.070.215	(1.299.362)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Sölutap (-hagnaður) eigna	40.059	(209.900)	(9.129)	(225.480)
Reiknaðar afskriftir	27-28 1.488.008	1.208.146	6.308.164	6.814.598
Verðbætur, afföll og gengismunur	5 445.123	220.034	(9.347.564)	882.275
Álafleiður	0	0	6.431.525	0
Áhrif dótturfélaga og hlutdeild minnihluta	0	0	449.037	(56)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	35 550.000	550.000	533.862	570.068
Breyting tekjuskattskuldbindingar	0	0	0	0
Önnur breyting	297	0	1.152.046	(507.796)
Veltufé frá rekstri	1.668.664	222.398	8.588.156	6.234.248
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, (hækkun)	0	0	(35.893)	(12.500)
Óinnheimtar tekjur, (hækkun)	2.125.394	0	2.549.525	21.488
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)lækkun	(1.130.550)	0	0	(44.692)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	820.190	0	1.136.029	(18.981)
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins	(539.763)	(650.000)	(552.378)	(650.000)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	1.275.270	(650.000)	3.097.283	(704.684)
Handbært fé frá rekstri	2.943.935	(427.602)	11.685.439	5.529.564
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	22 27-28 (1.565.999)	(2.640.000)	(12.552.492)	(13.200.320)
Endurgr. gatnagerðargjöld og bygg.réttur	(35.239)	0	53.491	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	0	220.000	77.764	327.176
Breyting á eignarhlutum	(36.356)	(44.060)	(99.061)	(44.060)
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga	0	0	206.567	0
Langtímakröfur, breyting	134.733	155.593	156.478	112.231
Fjárfestingarhreyfingar	(1.502.860)	(2.308.467)	(12.157.253)	(12.804.974)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR				
Tekin ný langtímalán	2.977.504	2.900.000	14.087.459	13.192.874
Afborganir langtímalána og skuldbindinga	(684.714)	(729.314)	(8.480.255)	(6.371.834)
Innborgað hlutafé/aðrar breyt. á eigin fé	0	0	25.244	362.500
Skammtímafjármögnun	0	0	(2.319.103)	195.000
Arður	0	0	(256.594)	0
Aðrar hreyfingar	(315.954)	(550.807)	(1.455.808)	53.300
Fjármögnunarhreyfingar	1.976.836	1.619.880	1.600.943	7.431.840
HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	3.417.910	(1.116.189)	1.129.130	156.430
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	13.205.912	11.711.176	18.091.399	7.061.008
ÁHRIF GENGISBREYTT. Á HANDBÆRT FÉ .	0	0	(96.814)	0
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK	15 16.623.822	10.594.987	19.123.715	7.217.438

Skýringar

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma árshlutareikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn árshlutareikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Innifalið í samanteknum árshlutareikningi A og B hluta er árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur, sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Innleiðing IFRS, leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum. Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur eru;

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.
- fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskildu sem kemur fram í skýringu nr 2.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í árshlutareikningi A hluta. Í samanteknum árshlutareikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

2. Í ársbyrjun 2010 breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

a. Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja

Sveitarfélagið innleiddi í ársbyrjun álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 1/2010 Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en til þriggja ára og skuldbindingu vegna leigusamnings meðal langtímaskulda. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við 1. janúar 2010 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitid eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eiginfjárreikning 1. janúar 2010 og lékkaði eigið fé sveitarfélagsins um 2.737 millj. kr. vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

b. Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi í ársbyrjun álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskila- aðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðaðist við 1. janúar 2010 og eru lóðir og lendum sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 16.335 millj. kr. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

Skýringar, frh.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að undanskildum framlögum til málefna fatlaðra, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðaleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning á meðal rekstrarrekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Lotun gjalda

4. Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

6. Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 millj. kr. gjaldfærð.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sím samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gagnverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í ársbyrjun 2010 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A og B hluta sem er gangvirði þeirra á endurmatstími að frádrögnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar yfir eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.

Fjármálagerningar

7. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Orkuveita Reykjavíkur notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhættu. Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leiðra eigna

8. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Lóðir og lendur sem sveitarfélaga hefur leigutekjur af er ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði	25-50 ár
Aðrar byggingar	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Orkuveitan, dreifikerfi	5-50 ár
Orkuveitan, framleiðsla	5-50 ár
Orkuveitan, hitaréttindi	100 ár
Áhöld og tæki	3-15 ár

Afskriftir leigðra eigna

9. Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða áætlaðan nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomaandi eignar. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	10-30 ár
------------------	----------

Eignarhlutir í félögum

10. Í árshlutareikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta Aðalsjóðs í árslok 2001 er þó óbreytt í árshlutareikningnum. Í árshlutareikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflökks.

Í samanteknum árshlutareikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarféлага er færð í árshlutareikninginn. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun er reiknuð og færð í árshlutareikninginn að undangengnu mati.

Skýringar, frh.

Langtímakröfur

11. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

Niðurfærslur krafna

12. Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í árshlutareikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Birgðir

13. Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Skammtímakröfur

14. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

Handbært fé

15. Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

16. Lönd og lóðir í eigu A hluta og ekki eru leigðar út og fjárfesting umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförunum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

Skuldbindingar

17. Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning

Aðrar skuldbindingar í efnahagsreikningi eru annars vegar tekjuskattsskuldbinding og hins vegar ábyrgðir Húsnæðisnefndar Reykjavíkur vegna byggingargalla.

Skýringar, frh.

Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign

18. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign félaga í B hluta er reiknuð og færð í árshlutareikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Langtímaskuldir

19. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok ársins eins og lánskjör segja til um.

Leiguskuldir

20. Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksgreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti. Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

19. Yfirlit um skuldbindingar og ábyrgðir borgarinnar utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 47 til 49.

Skuldbindingar samkvæmt skýringu 47 eru annars vegar vegna loforða um framlög og styrki og hins vegar núvirtar greiðslur samkvæmt samningi um rekstrarleigu íþróttamannvirkis.

Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi, en núvirt skuldbinding utan efnahagsreiknings er tilgreind í skýringu 47.

Fjárhagsáætlun

21. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er hluti árshlutareikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

Yfirlit um sjóðstreymi

22. Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánsamningi.

Skýringar, frh.

Rekstrartekjur

23. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur Jan- júní 2010	Fjárhagsáætlun Jan-júní 2010	Árshlutareikningur Jan- júní 2010	Fjárhagsáætlun Jan-júní 2010
<i>Skatttekjur</i>				
<i>Útsvar:</i>				
Staðgreiðsla	18.859.353	19.449.348	18.859.353	19.449.348
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu	(1.114.482)	(1.149.348)	(1.114.482)	(1.149.348)
	<u>17.744.871</u>	<u>18.300.000</u>	<u>17.744.871</u>	<u>18.300.000</u>
Skattbreytingar	52.805	0	52.805	0
	<u>17.797.676</u>	<u>18.300.000</u>	<u>17.797.676</u>	<u>18.300.000</u>
<i>Fasteignaskattar:</i>				
Fasteignaskattur	5.488.141	5.066.089	5.016.561	4.763.509
Lóðaleiga	411.105	385.000	411.105	385.000
	<u>5.899.246</u>	<u>5.451.089</u>	<u>5.427.666</u>	<u>5.148.509</u>
<i>Framlög Jöfnunarsjóðs:</i>				
Útgjaldajöfnunarframlag	3.407	0	3.407	0
	<u>3.407</u>	<u>0</u>	<u>3.407</u>	<u>0</u>
Skatttekjur samtals	<u>23.700.330</u>	<u>23.751.089</u>	<u>23.228.749</u>	<u>23.448.509</u>
<i>Aðrar tekjur</i>				
Þjónustutekjur	9.630.247	9.547.053	13.244.675	
Framlag Jöfn.sjóðs v sérþarfa fatlaðra nem.	560.050	0	560.050	
Eignatekjur	236.997	229.212	798.896	
Endurgreiðslur annarra	1.227.824	1.472.336	1.350.085	
Aðrar tekjur	594.469	540.177	16.641.130	
Söluhagnaður (tap) eigna	0	0	(512)	
Milliviðskipti tekin út	(6.781.694)	(7.098.289)	(10.799.660)	
	<u>5.467.893</u>	<u>4.690.489</u>	<u>21.794.664</u>	<u>21.243.776</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>29.168.223</u>	<u>28.441.578</u>	<u>45.023.414</u>	<u>44.692.285</u>

Laun og launatengd gjöld

24. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur Jan- jún 2010	Fjárhagsáætlun Jan-júní 2010	Árshlutareikningur Jan- jún 2010	Fjárhagsáætlun Jan-júní 2010
Laun	12.481.496		16.051.049	
Launatengd gjöld	3.116.082		3.819.371	
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>15.597.578</u>	<u>15.472.284</u>	<u>19.870.420</u>	<u>19.463.060</u>
Breyting áfallins orlofs	0		84.248	
Millifærð laun / eignfærð laun	(74.362)		(396.653)	
	<u>15.523.216</u>	<u>15.472.284</u>	<u>19.558.016</u>	<u>19.463.060</u>
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	550.000	550.000	533.862	570.068
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>16.073.216</u>	<u>16.022.284</u>	<u>20.091.878</u>	<u>20.033.128</u>

Skýringar, frh.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

25. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Arður af eignarhlutum	374.156	16.159
Ábyrgðargjald	454.517	119.204
Vaxtatekjur og verðbætur	1.523.618	1.573.840
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.854.344)	(4.227.578)
Fjármagnstekjuskattur	(62.220)	(62.220)
Gengismunur	105.548	11.020.268
Gangvirðisbreytingar og framvirkir samningar	0	(6.290.382)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	<u>541.275</u>	<u>2.149.291</u>

Heildaryfirlit um rekstur

26. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja borgarinnar greinist þannig:

	Árshlutareikningur janúar - júní 2010			Fjárhagsáætlun jan.-júní 2010
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður				
Skatttekjur	220.807	24.274.411	(24.053.604)	(24.400.000)
Framlög til B-hlutafyrirtækja	1.175.458	0	1.175.458	1.198.661
Íþrótt- og tómsundasvið	4.199.597	689.546	3.510.051	3.452.636
Leikskólasvið	5.128.152	656.875	4.471.276	4.428.241
Menningar- og ferðamálasvið	1.452.808	91.415	1.361.393	1.319.917
Menntasvið	9.549.431	986.364	8.563.068	8.652.877
Sameiginlegur kostnaður	2.831.106	459.601	2.371.506	2.411.825
Skipulags- og byggingarsvið	258.646	32.894	225.752	256.835
Umhverfissvið og samgöngusvið	2.756.133	408.871	2.347.262	2.343.934
Velferðarsvið	6.405.276	1.735.992	4.669.284	5.237.672
Rekstur málaflokka Aðalsjóðs	33.977.415	29.335.969	4.641.446	4.902.597
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	97.645	3.951.429	(3.853.784)	(3.026.285)
Aðalsjóður samtals	<u>34.075.061</u>	<u>33.287.398</u>	<u>787.663</u>	<u>1.876.312</u>
A hluta stofnanir				
Eignasjóður	8.051.085	7.407.955	643.130	(1.766.003)
Milliviðskipti A hluta	(8.151.672)	(7.575.703)	(575.969)	0
A hluti samtals	<u>33.974.474</u>	<u>33.119.650</u>	<u>854.824</u>	<u>110.309</u>
B hluta fyrirtæki				
Aflvaki hf.	79	0	79	0
Bílastæðasjóður Reykjavíkur	277.515	244.395	33.120	(9.948)
Faxaflóahafnir sf.	1.012.452	1.012.672	(220)	(50.940)
Félagsbústaðir hf.	1.819.285	1.224.583	594.702	408.903
Íþrótt- og sýningahöllin hf.	183.067	202.324	(19.257)	55.810
Jörundur ehf.	1.341	0	1.341	0
Malbikunarstöðin Höfði hf.	384.705	374.600	10.105	1.681
Orkuveita Reykjavíkur	11.380.490	16.473.531	(5.093.040)	(13.742)
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	155.560	161.752	(6.192)	24.877
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	693.838	867.254	(173.416)	77.122
Sorpa bs.	893.056	909.515	(16.459)	8.172
Strætó bs.	1.579.969	1.658.964	(78.995)	(49.389)
Milliviðskipti B hluta	(4.269.619)	(4.643.775)	374.156	735.545
	<u>14.111.738</u>	<u>18.485.814</u>	<u>(4.374.076)</u>	<u>1.188.090</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	2.191	(2.191)	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага	0	(451.228)	451.228	963
B hluti samtals	<u>14.111.738</u>	<u>18.036.777</u>	<u>(3.925.039)</u>	<u>1.189.053</u>
A og B hluti samtals	<u>48.086.212</u>	<u>51.156.427</u>	<u>(3.070.215)</u>	<u>1.299.362</u>

Niðurstaða fjármunatekna og fjármagnsgjalda A hluta stofnana og B hluta fyrirtækja eru færð meðal gjalda ef um gjöld er að ræða, annars meðal tekna.

Skýringar, frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

A hluti

27. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	88.986.726	10.308.695	2.150.937	101.446.359
Afskrifað 1.1.2010	(35.477.978)	(1.083.766)	(880.843)	(37.442.587)
Bókfært verð 1.1.2010	53.508.748	9.224.929	1.270.094	64.003.772
Endurmat lóða og lendna	16.334.916	0	0	16.334.916
Viðbót á árinu	1.187.632	358.258	20.109	1.565.999
Gatnagerðargjöld / Jöfnunarsjóður	0	(4.821)	0	(4.821)
Afskrift ársins	(902.283)	(205.867)	(116.092)	(1.224.241)
Bókfært verð 30.06.2010	70.129.014	9.372.499	1.174.111	80.675.625
Afskriftarhlutföll	2,0-4,0%	4,0%	6,7-33,3%	

A og B hluti

28. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Veitukerfi	Gatnakerfi áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	153.234.921	370.168.527	24.165.076	547.568.524
Afskrifað 1.1.2010	(53.414.296)	(139.343.792)	(8.204.224)	(200.962.312)
Bókfært verð 1.1.2010	99.820.625	230.824.734	15.960.852	346.606.212
Endurmat lóða og lendna	16.334.916	0	0	16.334.916
Viðbót á árinu	2.700.349	9.192.362	659.781	12.552.492
Gatnagerðargjöld/Jöfnunarsjóður	0	0	(4.821)	(4.821)
Afskrift ársins	(1.670.464)	(3.692.244)	(681.689)	(6.044.397)
Selt á árinu	(111.927)	0	(6.317)	(118.244)
Bókfært verð 30.06.2010	117.073.499	236.324.852	15.927.807	369.326.158
Afskriftarhlutföll	2,0-4,0%	2,0-20,0%	4,0-33,3%	

Orkuveita Reykjavíkur framkvæmir sérstakt endurmat á framleiðsluferfum sínum og náði endurmatið til eigna sem notaðar eru til framleiðslu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

Gangvirði framleiðslueigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Sömu aðferð er beitt við ákvörðun gangvirði dreifikerfa Orkuveitu Reykjavíkur sem hafa verið metin sérstöku endurmati. Endurmetin dreifikerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérlefyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingavísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Fasteignamat og vátryggingaverð

29. Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð fasteigna greinist þannig í árslok 2009:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat húsa	68.264.055	134.686.681
Fasteignamat lóða	26.659.890	55.245.393
Brunabótamat	105.366.624	180.655.087
Bókfært verð	70.129.014	117.073.499

Fasteignamat þeirra lóða sem ekki eru eignfærðar nam 246.899 millj. kr. í árslok 2009.

Tryggingaverð lausafjármuna

30. Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur eru lausafjármunir A hluta ekki vátryggðir sérstaklega, nema þegar lögbundnar ábyrgðartryggingar eiga við.

Skýringar, frh.

Eignarhlutir í félögum

31. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

Dótturfélög	Eignarhlutur		A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
	A hluti	A og B hluti		
Aflvaki hf.	54,5%	95,7%	4.363	
Félagsbústaðir hf.	100,0%	100,0%	2.310.000	
Íþrótt- og sýningahöllin hf.	50,0%	50,0%	50.000	
Jörundur ehf.	100,0%	100,0%	231.820	
Malbikunarstöðin Höfði hf.	99,0%	100,0%	190.575	
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	65,3%	65,3%	463.243	
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	64,1%	64,1%	470.455	
Sorpa bs.	66,1%	66,1%	486.019	
Strætó bs.	63,7%	63,7%	425.911	
Samtals dótturfélög			<u>4.632.387</u>	
Önnur félög				
Austurhöfn-TR ehf.	46,0%	46,0%	4.600	0
Eignarhaldsfélagið Spölur ehf.		23,5%	300	41.827
HS veitur hf.		16,6%		1.566.631
Keilir		10,2%		35.000
Landskerfi bókasafna hf.	20,6%	20,6%	29.524	29.524
Landsnet		6,8%		400.000
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	17,5%	17,5%	1.547.831	1.547.831
Minjavernd hf.	38,3%	38,3%	107.839	234.177
Neyðarlínan hf.	12,5%	20,4%	2.000	9.394
Tæknigarður hf.	12,5%	31,3%	2.000	5.000
Enex-Kína ehf.		19,5%		174.946
EnVent Holding ehf.		24,5%		124.123
Galantaterrm		3,8%		13.082
Iceland American Energy		83,7%		110.000
Prókatín		12,1%		16.400
Önnur félög			40	161.931
Samtals önnur félög			<u>1.694.133</u>	<u>4.469.866</u>
Samtals eignarhlutir			<u>6.326.521</u>	<u>4.469.866</u>

Skýringar, frh.

Langtímakröfur

32. Langtímakröfur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Kröfur á B hluta fyrirtæki	1.300.523	0
Kröfur á aðra	4.300.884	12.721.288
	<u>5.601.408</u>	<u>12.721.288</u>
Óbein niðurfærsla	(34.000)	(34.000)
	<u>5.567.408</u>	<u>12.687.288</u>
Næsta árs afborgun langtímakrafna	(1.117.100)	(1.277.528)
	<u>4.450.307</u>	<u>11.409.760</u>
Afborganir af langtímakröfum greinast þannig næstu ár:		
Árið 2010 - 2011	1.117.100	1.277.528
Árið 2011 - 2012	284.091	235.192
Árið 2012 - 2013	101.316	46.563
Árið 2013 - 2014	100.599	45.528
Árið 2014 - 2015	68.613	2.386
Síðar	3.929.688	11.114.092
Langtímakröfur samtals	<u>5.601.408</u>	<u>12.721.288</u>

Á meðal langtímakrafna í samstæðu eru skuldabréf, sem gefin eru út í USD og bera 1,5% vexti. Þetta er eingreiðslulán með gjalddaga árið 2016. Skuldabréfið er tengt álverði að ákveðnu marki og er tryggt með veði í seldum hlutabréfum í HS Orku hf. Skuldabréfið er fært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og afleiður eru ekki aðskyldar frá skuldabréfinu.

Skammtímakröfur og verðbréf

33. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Niðurfærsla annarra krafna en skatttekna í ársbyrjun	129.993	725.544
Tapaðar kröfur á árinu	(6.531)	(24.941)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	6.531	81.174
Niðurfærsla í lok tímabilsins	<u>129.993</u>	<u>781.777</u>

Skýringar, frh.

Eigið fé

34. Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2010	63.769.573	114.595.319
Endurmat fastafjármuna	16.334.916	16.334.916
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferðum	(2.736.999)	(2.736.999)
Önnur breyting	0	(10.747.737)
Rekstramiðurstaða	(854.824)	3.070.215
Eigið fé 30.06.2010	<u>76.512.666</u>	<u>120.515.714</u>

Lífeyrisskuldbinding

35. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings nam áfallin lífeyrisskuldbinding A hluta 10.272 millj. kr. en A og B hluta 11.088 millj. kr. í árslok 2009, núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Breyting á lífeyrisskuldbindingu ársins er áætluð. Skuldbindingin greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2010	10.272.241	11.088.336
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(539.763)	(552.378)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu	550.000	533.862
Lífeyrisskuldbinding 30.06.2010	<u>10.282.478</u>	<u>11.069.819</u>
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	1.140.700	1.176.070
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	9.141.778	9.893.749
	<u>10.282.478</u>	<u>11.069.819</u>

Áætluð þátttaka í greiðslu lífeyris á næsta ári er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Langtímaskuldir

36. Skuldir skiptast þannig í gjaldmiðlum:

	A hluti	A og B hluti
Langtímaskuldir við erlendar lánastofnanir skiptast í þessa gjaldmiðla:		
Skuldir í bandaríkjadollurum	174.824	43.347.901
Skuldir í sterlingspundum	1.924.171	9.605.703
Skuldir í evrum	754.512	75.593.818
Skuldir í svissneskum frönskum	366.103	40.820.011
Skuldir í japönskum yenum	719.311	23.542.029
Skuldir í sænskum krónum	0	13.107.960
	<u>3.938.921</u>	<u>206.017.421</u>
Langtímaskuldir við innlendar lánastofnanir skiptast í þessa gjaldmiðla:		
Skuldir í bandaríkjadollurum	0	1.154.339
Skuldir í sterlingspundum	0	172.256
Skuldir í evrum	0	2.682.488
Skuldir í svissneskum frönskum	0	691.118
Skuldir í japönskum yenum	0	563.052
Skuldir í sænskum krónum	0	77.770
Skuldir í norskum krónum	0	4.773
Skuldir í kanadadollurum	0	67.067
Önnur innlend lán	13.932.648	62.848.895
	<u>13.932.648</u>	<u>68.261.758</u>
Langtímaskuldir við erlendar og innlendar lánastofnanir samtals	17.871.569	274.279.178
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.360.046)	(18.122.258)
Langtímaskuldir samtals	<u>16.511.523</u>	<u>256.156.920</u>

Skýringar, frh.

37. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2010 - 2011	1.360.046	18.122.258
Árið 2011 - 2012	1.141.563	16.935.981
Árið 2012 - 2013	2.690.370	28.158.958
Árið 2013 - 2014	768.178	17.677.039
Árið 2014 - 2015	646.061	13.778.226
Síðar	11.265.351	179.606.716
	<u>17.871.569</u>	<u>274.279.178</u>

Aðrar skammtímaskuldir

38. Reykjavíkurborg rifti þann 18. nóvember 2008 öllum gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum við Kaupþing banka hf. vegna fyrirsjáanlegra vanefnda bankans. Reykjavíkurborg taldi blasa við að bankinn yrði ekki í stakk búinn til að efna skyldur sínar samkvæmt gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningunum, en samkvæmt þeim var ráðgert að samningsaðilar skiptust á tilteknum höfuðstólsgreiðslum á árunum 2009, 2010 og 2011. Réttaráhrif riftunar eru þau, að staða samningsaðila á að vera hin sama og ef samningarnir hefðu aldrei verið gerðir.

Reykjavíkurborg taldi skuld sína við Kaupþing banka hf. vegna þessarar riftunar vera 240 milljónir kr. og var hún greidd bankanum á árinu 2009. Kaupþing banki hf. hefur mótmælt þessari riftun.

Ef ekki hefði komið til ofangreindra vanefnda og riftunar hefði staða ofangreindra gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga þann 31.12.2008 á viðkomandi ársloka gengi verið um 1,6 milljarðar kr. í skuld.

39. Á meðal annarra skammtímaskulda A og B hluta eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar Orkuveitunnar við gamla Glitni. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp þar sem mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og skilanevnd bankans, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Í varúðarskýningu var ákveðið að styðjast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 7. október 2008 þar sem það var gengi bankans áður en skilanevnd tók yfir stjórn gamla Glitnis. Gengisvísitala var þá 175 stig og er bókfært verð afleiðusamninganna neikvætt um 181,2 milljónir kr. samkvæmt því viðmiði.

Önnur mál

40. Málaferli.

Reykjavíkurborg á í málaferlum vegna skila á seldum byggingarrétti á lóðum. Gengið hafa fjórir dómur í héraði varðandi skil á atvinnuhúsalóðum og féll einn dómur Reykjavíkurborg í vil, en þrír lóðarhöfunum. Öllum þessum málum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Sex mál eru nú til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur sem varða skil á íbúðarhúsalóðum. Engar skuldbindingar eru bókaðar vegna þessara mála í ársreikningnum.

41. Seinkun framkvæmda.

Vegna tafa sem orðið hafa á að fyrirvörum í orkusölusamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Norðurlás Helguvíkur sé aflétt, hefur skapast óvissa um framhald framkvæmda varðandi orkuframleiðslu. Því hafa einnig orðið tafir á framkvæmd samninga við aðra aðila, s.s. vélaframleiðendur og verktaka. Samningaviðræður hafa verið um greiðslu bóta vegna slíkra tafa. Umfangsmestir eru samningar við Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürr um frestun á afhendingu vélasamstæða og samningaviðræður sem nú standa yfir við Jarðboranir um bætur fyrir tilfærslu verkefna í tíma innan samnings aðila um boranir vegna virkjanafarmkvæmda. Mikil óvissa er um framhald mála varðandi framkvæmdir og þar með um niðurstöður um hugsanlegar fjárhæðir bótagreiðslna. Mat stjórnenda OR er að ekki sé ástæða til að gera varúðarfærslu í árslytareikningnum vegna áður nefndra mála.

Skýringar, frh.

Lykiltölur

42. Yfirlit um lykiltölur:

	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur Jan-júní 2010	Fjárhagsáætlun Jan-júní 2010	Árshlutareikningur Jan-júní 2010	Fjárhagsáætlun Jan-júní 2010
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Útsvar	61,0%	64,3%	39,5%	40,9%
Fasteignaskattar	20,2%	19,2%	12,1%	11,5%
Skatttekjur samtals	81,3%	83,5%	51,6%	52,5%
Aðrar tekjur	18,7%	16,5%	48,4%	47,5%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	55,1%	56,3%	44,6%	44,8%
Annar rekstrarkostnaður	44,6%	47,9%	36,2%	37,5%
Afskriftir	5,1%	4,2%	14,0%	15,2%
Rekstrargjöld samtals	104,8%	108,5%	94,8%	97,6%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(4,8%)	(8,5%)	5,2%	2,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1,9%	3,1%	4,8%	(5,3%)
Tekjuskattur	0,0%	0,0%	(2,1%)	0,0%
Óreglulegar tekjur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Áhrif hlutdeildarféлага og dótturfélaga	0,0%	0,0%	(1,0%)	0,0%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(2,9%)	(5,4%)	6,8%	(2,9%)
Veltufé frá rekstri	5,7%	0,8%	19,1%	13,9%
Fjárfestingarhreyfingar	(5,2%)	(8,1%)	(27,0%)	(28,7%)
Í þúsundum kr. á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur	200	201	196	198
Aðrar tekjur	46	40	184	179
Rekstrartekjur samtals	246	240	380	377
Laun og launatengd gjöld	(136)	(135)	(170)	(169)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(122)	(125)	(191)	(199)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	7	18	(20)
Tekjuskattur	0	0	(8)	0
Óreglulegar tekjur	0	0	0	0
Áhrif hlutdeildarféлага og dótturfélaga	0	0	(4)	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(7)	(13)	26	(11)
Sjóðstreymi:				
Veltufé frá rekstri	14	2	73	53
Handbært fé frá rekstri	25	(4)	99	47
Efnahagur:				
	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur Jan- jún 2010	Ársreikningur 2009	Árshlutareikningur Jan- jún 2010	Ársreikningur 2009
Eignir	1.074	824	3.740	3.517
Eigið fé	646	538	1.072	930
Skuldir	428	286	2.668	2.587
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	2,11	2,12	0,92	1,03
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,60	0,65	0,29	0,26
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):				
	2010	2009	2008	2007
Íbúafjöldi 1. desember	118.427	118.427	119.848	117.721
Breyting frá fyrra ári	0	(1.421)	2.127	1.275

Skýringar, frh.

43. Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár:

	2010 jan.-júní	2009	2008	2007	2006
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Skatttekjur	81,3%	85,0%	86,5%	75,6%	80,7%
Aðrar tekjur	18,7%	15,0%	13,5%	24,4%	19,3%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	55,1%	48,8%	47,1%	44,6%	63,4%
Annar rekstrarkostnaður	44,6%	42,3%	46,0%	37,1%	39,1%
Afskriftir	5,1%	3,9%	3,4%	3,8%	4,5%
Rekstrargjöld samtals	104,8%	94,9%	96,5%	85,4%	106,9%
Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnsliði	(4,8%)	5,1%	3,5%	14,6%	(6,9%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1,9%	0,4%	0,5%	5,7%	2,3%
Óreglulegar tekjur	0,0%	0,0%	0,0%	16,7%	
Rekstramiðurstaða, (neikvæð)	(2,9%)	5,5%	4,0%	37,0%	(4,6%)
Veltufé frá rekstri	5,7%	11,0%	11,0%	13,2%	9,6%
Handbært fé frá rekstri	10,1%	6,8%	10,5%	12,7%	6,3%
Fjárfestingarhreyfingar	(5,2%)	(8,1%)	(14,2%)	47,8%	6,6%
Í þúsundum kr. á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur	200	431	424	390	348
Aðrar tekjur	46	76	66	126	83
Rekstrartekjur samtals	246	507	491	516	431
Laun og launatengd gjöld	(136)	(247)	(231)	(230)	(273)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(122)	(234)	(243)	(211)	(188)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	2	2	29	10
Óreglulegar tekjur	0	0	0	86	
Rekstramiðurstaða, (neikvæð)	(7)	28	19	191	(20)
Sjóðstreymi:					
Veltufé frá rekstri	14	56	54	68	42
Handbært fé frá rekstri	25	34	51	66	27
Fjárfestingarhreyfingar	(13)	(41)	(70)	247	29
Efnahagur:					
Eignir	1.074	824	769	752	765
Eigið fé	646	538	505	494	290
Skuldir	428	286	264	258	475
Aðrar lykiltölur:					
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	2,11	2,12	1,74	2,62	1,39
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,60	0,65	0,66	0,66	0,38
Álagningarhlutföll:					
Útsvar	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,214%	0,214%	0,214%	0,225%	0,25%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	0,88%	0,44%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):					
Íbúafjöldi 1. desember	118.427	118.427	119.848	117.721	116.446
Breyting frá fyrra ári	0	(1.421)	2.127	1.275	1.646
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári	0,0%	(1,2%)	1,8%	1,1%	1,4%